



## PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

### Ákvörðun nr. 26/2011

**Erindi Íslandspósts hf., dags. 8. júní 2011,  
um hækkun á gjaldskrá fyrir bréf innan einkaréttar**

#### **I. Erindið**

Með bréfi, dags. 8. júní 2011 óskaði Íslandspóstur, með vísun til 6. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2002, eftir samþykki Póst- og fjarskiptastofnunar (hér eftir PFS) fyrir hækkun gjaldskrár í þyngdarflokknum 0-50 gr. (innan einkaréttar) úr 90 kr. í 100 kr. eða um 11,1% frá og með 1. ágúst 2011. Gert er ráð fyrir að tekjuauki félagsins, miðað við tímabilið frá 1. ágúst til ársloka, verði um [...] millj. kr. vegna þessa á árinu 2011.

Jafnframt vísaði fyrirtækið til þess að þann 28. júní 2010 hafi verið sent inn til PFS erindi þess efnis að fyrirhugað væri að breyta viðskiptaskilmálum og verðskrá Íslandspósts frá því sem nú er og bjóða upp á tvo flokka pósts, Almennan póst og Magnpóst, fyrir sendingar undir 50 gr.

Bendir Íslandspóstur á að erindi þetta breyti ekki efni erindisins frá 28. júní 2010. Hins vegar kunni að reynast nauðsynlegt að endurmeta grunnfjárhæðir með tilliti til mögulegra breytinga frá því að erindið var sent inn og þar til ný gjaldskrá kann að taka gildi.

Síðan segir í erindi Íslandspósts:

*„Ástæða hækkunarinnar nú eru kostnaðarhækkanir samfara kjarasamningi Íslandspósts hf. og Póstmannafélags Íslands sem undirritaðir voru þann 18. maí sl. og tóku gildi frá og með 1. júní sl. Gera má ráð fyrir að heildarútgjaldauki Íslandspósts á árinu 2011 vegna kjarasamningsins verði um [...] millj. kr. en [...] allra launa og launatengdra gjalda félagsins er metinn vera vegna einkaréttarhluta bréfa.*

*Kostnaðarauki vegna kjarasamninga:*

[...]

*Eins og fram hefur komið áður í erindum Íslandspósts hf. til Póst- og fjarskiptastofnunar var, við gerð rekstraráætlana félagsins fyrir árið 2011 ekki tekið tillit til kostnaðarhækkana sem*

*yrðu í kjölfar kjarasamningsins þar sem niðurstöður nýrra kjarasamninga og áhrif þeirra á rekstur félagsins voru háðar verulegri óvissu. Áætlanir félagsins fyrir árið 2011 eins og þær hafa verið sendar Póst- og fjarskiptastofnun eru því án áhrifa kjarasamningsins.*

*Með ákvörðun sinni nr. nr. 17/2011 frá 31. maí sl. samþykkti Póst- og fjarskiptastofnun að verð fyrir bréf innan einkaréttar skuli vera 90 kr. og var við ákvörðun þeirrar fjárhæðar ekki tekið tillit til áhrifa kjarasamninga þeirra sem nú hafa verið samþykktir.*

*Til að mæta útgjaldaauka vegna kjarasamninga hefur félagið þær leiðir að hækka verð einkaréttarpósts, hækka verð í samkeppnisrekstri og að hagræða. Mun allra þessara leiða verða leitað.“*

Frá því að erindi Íslandspósts barst í júní sl. hefur félagið að beiðni PFS sent nánari upplýsingar um einstök atriði í rekstri félagsins, s.s. hlutdeild einkaréttar í kostnaðarauka vegna nýrra kjarasamninga, árshlutauppgjör vegna fyrstu mánaða ársins 2011, endurskoðuð áætlun ársins 2011 og yfirlit yfir þróun magns innan einkaréttar á árinu.

Íslandspóstur lagði fram gögn um hækkun launakostnaðar fyrirtækisins í heild og innan einkaréttar. Þar kom fram að kostnaðarauki fyrirtækisins vegna nýrra kjarasamninga á árunum 2011 til 2013 væri eftirfarandi þegar tekið hefði verið tillit til uppsöfnunar á hverju ári fyrir sig.

- Á árinu 2011: [...] millj. kr., þar af [...] millj. kr.
- Á árinu 2012: [...] millj. kr., þar af [...] millj. kr.
- Á árinu 2013: [...] millj. kr., þar af [...] millj. kr.

## **II.**

### **Forsendur og niðurstaða**

#### **1**

##### **Almennt**

Á árinu 2011 hefur PFS áður tekið eina ákvörðun vegna hækkunarbeiðni Íslandspósts, en með ákvörðun nr. 17/2011, dags. 31. maí sl., heimilaði PFS fyrirtækinu að hækka burðargjöld fyrir bréf innan einkaréttar úr 75 kr. í 90 kr. eða um 20%. Jafnframt staðfesti PFS kostnaðarhagræði Íslandspósts vegna upptöku XY-dreifikerfis í póstdreifingu með ákvörðun nr. 16/2011, dags. 30. maí sl. Á árinu 2010 tók PFS tvær ákvarðanir vegna hækkunarbeiðna Íslandspósts. Með ákvörðun nr. 4/2010, heimilaði PFS Íslandspósti sameiningu þyngdarflokka úr 0-20. gr. og 21-50 gr. í 0-50 gr., sem fól í sér rúmlega 5% meðalhækkun á burðargjöldum fyrir bréf innan einkaréttar og tók hækkunin gildi frá og með 1. mars 2010. Með ákvörðun nr. 30/2010 hafnaði Póst- og fjarskiptastofnun hækkunarbeiðni Íslandspósts, dags. 1. september 2010.

Gjaldskrár Íslandspósts fyrir alþjónustu og þar með gjaldskrá innan einkaréttar eiga að taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættri hæfilegri álagningu, sbr. 4. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu, sbr. 11. gr. reglugerðar um bókhaldslega aðgreiningu nr. 313/2005.

Íslandspóstur skal aðgreina í bókhaldi tekjur og kostnað vegna alþjónustu og einkaréttar, sbr. upptalningu á tegundum þjónustu í 12. gr. reglugerðar um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu nr. 313/2005, sbr. einnig 6. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu eins og henni var breytt með 2. gr. laga nr. 136/2002.

Samkvæmt rekstrarleyfi Íslandspóst, dags 3. desember 2007, skal Íslandspóstur gegna skyldum ríkisins, skv. 6. gr. laga um pósthjónustu og tryggja öllum landsmönnum á jafnræðisgrundvelli aðgang að alþjónustu, með ákveðnum gæðum og á viðráðanlegu verði. Þær kröfur sem eru á Íslandspósti undir merkjum alþjónustu eru m.a. skylda til að halda úti neti afgreiðslustaða, sbr. reglur nr. 504/2003, lágmarks opnunartíma afgreiðslustaða, skylda til að setja upp póstkassa til móttöku á póstsendingum á landinu öllu, útburður/afhending póstsendinga alla virka daga á landinu öllu ásamt kröfum um gæði þjónustu, þar sem 85 af hundraði innanlandspósti í hraðasta flokki skal borinn út daginn eftir póstlagningu. Sjá nánar í 2. kafla leyfisins.

Alþjónustu er einkum ætlað að tryggja samkvæmni á þjónustu þannig að allir landsmenn óháð búsetu eigi rétt á þjónustu alþjónustuhafa. Gjaldskrá fyrir bréf hjá Íslandspósti byggir á meðaltalskostnaði við að veita þjónustuna, þ.e. fundinn er heildarkostnaður fyrirtækisins út um allt land og síðan sett meðalverð sem á að ná yfir allan kostnaðinn. Fjöldi póstsendra bréfa það er magn í bréfastöðum hefur þannig mikil áhrif á hvernig afkoma Íslandspóst er frá ári til árs.

Í rekstrarleyfi Íslandspóst er fyrirtækinu falið að fara með einkarétt ríkisins á pósthjónustu hér á landi. Frá 1. janúar 2006, sbr. lög nr. 136/2002, nær einkaréttur fyrirtækisins til áritaðra bréfa allt að 50 gr. að þyngd, sjá nánar V. kafla laga um pósthjónustu, sbr. 3. kafla rekstrarleyfis fyrirtækisins.

Með 2. gr. laga nr. 136/2002 var bætt við nýjum málslíð í 6. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2002, greinin er svohljóðandi:

*„Óheimilt er að nota tekjur af þjónustu í einkarétti til að greiða niður þjónustugjöld í alþjónustu sem ekki fellur undir einkarétt nema ef sýnt hefur verið fram á að slíkt sé beinlínis nauðsynlegt til að verða við sérstökum alþjónustukvöðum sem hvíla á rekstrarleyfishafa.“*

Ákvæðið á rót að rekja til tilskipunar Evrópusambandsins nr. 2002/39 sem breytti tilskipun 67/97, ákvæðið er svohljóðandi:

*„-cross-subsidisation of universal service outside the reserved sector out of revenues from service in the reserved sector shall be prohibited except to the extent to which it is shown to be strictly necessary to fulfil specific universal service obligation in the competitive area.“*

Tekjur af einkarétti eru m.a. notaðar til að halda uppi þjónustu á þeim svæðum þar sem óhagkvæmt er að veita þjónustu s.s. á ýmsum stöðum í dreifbýli þar sem kostnaður fyrirtækisins af þjónustunni er mun meiri en þær tekjur sem koma inn fyrir veitta þjónustu. Einkarétturinn gerir það einnig mögulegt að fyrirtækið hefur tök á því að bjóða upp á sömu gjaldskrá fyrir bréfastöð óháð því hvar bréfið er póstlagt eða hver ákvörðunarstaður þess er.

Samkvæmt ofangreindu gerir Evrópulöggjöfin og þar með sú íslenska ráð fyrir að tekjur af einkarétti og þar með hagnaður séu að einhverju leyti notaðar til að fjármagna þá alþjónustu sem alþjónustuveitanda í þessu tilviki Íslandspósti er skylt að veita út um allt land. Einkum er um að ræða þjónustu á þeim svæðum þar sem dýrara er að veita þjónustuna en almennt er s.s. vegna fámennis eða landfræðilegra aðstæðna. Íslandspóstur gjaldfærir þannig hluta af þeim kostnaði sem fyrirtækið hefur af því að veita alþjónustu um allt land á móti þeim tekjum sem fyrirtækið hefur af einkarétti.

Íslandspóstur styðst við þá meginreglu við afkomaútreikninga félagsins á einstökum vöruflokkum að fyrirtækið leitast við að jafna gjöldum á móti tekjum, þ.e. að heimfæra alla kostnaðarliði á móti þeim tekjum sem tilheyra viðkomandi vöruflokk. Kostnaði er skipt upp eftir magni hverrar vöru auk þess álags sem fylgir henni.

## 2

### **Beiðni Íslandspósts um hækkun innan einkaréttar**

Fram kom hjá Íslandspósti að í rekstraráætlun félagsins fyrir árið 2011 hafi ekki verið gert ráð fyrir kostnaðarauka vegna nýrra kjarasamninga á árinu þar sem niðurstöður þeirra hefðu verið háðir verulegri óvissu þegar áætlunin var gerð. Því hefði ekki verið gert ráð fyrir þeim kostnaðarauka í hækkunarbeiðni félagsins í mars sl., þar sem kjarasamningar lágu ekki fyrir á þeim tíma. Jafnframt hefði ekki verið tekið tillit til framangreinds kostnaðarauka í ákvörðun PFS nr. 17/2011 um hækkun gjaldskrár.

Í erindi Íslandspósts, dags. 8. júní sl. væri hins vegar búið að meta áhrif nýrra kjarasamninga sem undirritaðir voru þann 18. maí sl. og tóku gildi frá og með 1. júní sl.

Samkvæmt upplýsingum frá Íslandspósti er heildar kostnaðarauki fyrirtækisins vegna nýrra kjarasamninga metinn eftirfarandi þegar tekið hefði verið tillit til uppsöfnunar á hverju ári fyrir sig. Á árinu 2011 [...] millj. kr., [...] millj. kr. á árinu 2012 og [...] millj. kr. á árinu 2013. Af framangreindum heildar kostnaðarauka er hlutur einkaréttar metinn [...] % og er því kostnaðarauki innan einkaréttar áætlaður um [...] millj. kr. alls á árabílinu 2011 til 2013 og skiptist á einstök ár með eftirfarandi hætti:

- Á árinu 2011: [...] millj. kr.
- Á árinu 2012: [...] millj. kr.
- Á árinu 2013: [...] millj. kr.

Til að mæta þessum útgjaldaauka fór fyrirtækið fram á samþykki PFS fyrir hækkun á burðargjöldum bréfa innan einkaréttar um 10 kr. á bréf eða sem samsvarar 11,1% hækkun. Í erindi Íslandspóst kemur fram að miðað við að hækkunin taki gildi þann 1. ágúst 2011 þá verði tekjuauki félagsins um [...] millj. kr. á árinu 2011 vegna þessa. Jafnframt kom fram hjá Íslandspósti að einnig yrði leitað leiða til að hagræða og hækka gjaldskrá í samkeppnisrekstri. Áður hefur komið fram hjá Íslandspósti að það stefnir í að taprekstur verði innan einkaréttar á árinu 2011 þrátt fyrir heimilaða hækkun gjaldskrár með ákvörðun PFS nr. 17/2011.

Eins og fram kemur hér að ofan sendi Íslandspóstur erindi til PFS, dags. 28. júní 2010, um breytt afsláttarfyrirkomulag til stórnotenda og uppbyggingu verðskrár (A/C póstur) innan einkaréttar, ásamt tilheyrandi skilmálabreytingum. PFS vinnur að yfirferð á erindi Íslandspósts m.a. í samráði við hagsmunaaðila og Samkeppniseftirlitið. Þá hefur PFS einnig sent fjölda fyrirspurna til Íslandspósts í tengslum við hinar fyrirhuguðu breytingar. Um er að ræða viðamiklar breytingar á uppbyggingu gjaldskrár Íslandspósts innan einkaréttar. Í ljósi þess munu hugsanlegar breytingar ekki taka gildi fyrr en að loknum ákveðnum aðlögunartíma fyrir markaðsaðila.

Stofnunin telur hins vegar í ljósi umsóknar Íslandspósts frá 8. júní 2011 sem hér er til meðferðar að nauðsynlegt sé að bregðast við þeim aðstæðum sem hafa skapast í rekstri Íslandspósts og taka erindi fyrirtækisins um hækkun á gjaldskrá innan einkaréttar til

efnislegrar meðferðar. Í ljósi þessa telur PFS að forsendur standi til þess að Íslandspósti verði heimilað að hækka gjaldskrá sína innan einkaréttar á sambærilegum grunni og fyrirtækinu hefur áður verið gert kleift í fyrri ákvörðunum PFS um hækkun gjaldskrár innan einkaréttar, sbr. umfjöllun PFS hér að neðan. Þessi breyting á gjaldskrá mun ekki hafa áhrif á núgildandi afsláttarfyrirkomulag Íslandspósts til stórnotenda nema að því er varðar það grunnverð sem afslátturinn reiknast frá.

### 3

#### **Afstaða PFS til hækkunarbeiðni Íslandspósts**

Erindi Íslandspósts, dags. 8. júní sl., felur í sér um 11,1% hækkun á núverandi gjaldskrá innan einkaréttar, þ.e. úr 90 kr. í 100 kr. fyrir bréf undir 50 gr.

PFS heimilaði Íslandspósti að hækka gjaldskrá innan einkaréttar um 20% í maí sl., en þar áður um rúmlega 5% í mars 2010. Engin hækkun var á árinu 2009, en á árinu 2008 nam hækkunin um 16% í tveimur ákvörðunum.

Hækkunarbeiðni Íslandspósts felur í sér áætlaðan tekjuauka innan einkaréttar upp á um [...] millj. kr. til loka ársins 2013, en gert er ráð fyrir að kostnaðarauki vegna kjarasamninga verði [...] millj. kr. á framangreindu tímabili að öðru óbreyttu.

PFS hefur yfirfarið tilgreindar forsendur fyrir hækkunarbeiðni Íslandspósts og er afstaða stofnunarinnar eftirfarandi.

Eins og fram kemur í ákvörðun PFS nr. 17/2011 þá var ekki tekið tillit til kostnaðarauka vegna nýrra kjarasamninga þegar PFS samþykkti hækkun gjaldskrár í 90 kr. í lok maí sl. Hins vegar var í þeirri ákvörðun tekið tillit til undirliggjandi tapreksturs, hagræðingar í dreifingu (XY-dreifikerfi), kostnaðar- og magnþróunar o.fl. og vísast til ákvörðunarinnar varðandi umfjöllun um þau atriði. Ljóst er að þrátt fyrir hækkun í maí sl. stefnir í að afkoma Íslandspósts innan einkaréttar verði neikvæð á árinu 2011, en PFS telur að með hækkuninni hafi rekstrargrundvöllur verið leiðréttur frá og með gildistöku nýrrar gjaldskrár. Hinir nýju kjarasamningar gera það að verkum að markmið um afkomu innan einkaréttar sbr. ákvörðun nr. 17/2011 nást ekki án hækkunar gjaldskrár að mati PFS.

Ábyrgð á gerð kjarasamnings liggur hjá Íslandspósti, en um verulegan kostnaðarauka er að ræða á samningstímanum, þ.e. frá 1. júní 2011 til 31. janúar 2014. Hins vegar verður að líta til þess að um sambærilega samninga er að ræða og á almennum markaði og þess að laun bréfbæra eru lág og nauðsyn þess að fyrirtækið bregðist við þeirri stöðu.

Þegar metin er hækkunarþörf Íslandspósts vegna nýs kjarasamnings er að mati PFS nauðsynlegt að horfa til gildistíma hans. Miðað við hækkunarbeiðni Íslandspósts þá gerir fyrirtækið í raun ráð fyrir að tekjuauki vegna hækkunar gjaldskrár verði meiri en sá kostnaðarauki sem kjarasamningarnir valda, þrátt fyrir að fram komi hjá fyrirtækinu að leitað verði leiða til að lækka kostnað samhliða hækkun gjaldskrár. Jafnframt þarf að hafa í huga að gjaldskrá innan einkaréttar hækkaði um 20% í júní sl., en varhugavert getur verið að hækka gjaldskrá mikið á stuttu tímabili því það getur haft áhrif á eftirspurn viðskiptavina Íslandspósts eftir þjónustu fyrirtækisins. Í því sambandi er einkum horft til stærri fyrirtækja sem geta að einhverju leyti látið rafræn samskipti koma í staðinn fyrir hefðbundna pósthjónustu í samskiptum við viðskiptavinum sína.

Miðað við að kostnaðarauki Íslandspósts vegna hins nýja kjarasamnings verði [...] millj. kr. á árunum 2011 til 2013 og að gengið sé út frá núverandi magni bréfa á ársgrundvelli er niðurstaða PFS að heimila hækkun burðargjalda innan einkaréttar um allt að 7 kr. á bréfasendingu póst 0-50 gr. eða sem samsvarar 7,8% hækkun. Ef Íslandspóstur hækkar gjaldskrá sína í samræmi við heimildina og að hækkunin taki gildi í þessum mánuði þá er tekjuauki fyrirtækisins áætlaður um [...] millj. kr. á árinu 2011 og um [...] millj. kr. á ársgrundvelli, eða alls um [...] millj. kr. á tímabilinu 2011 til 2013.

Frá og með gildistöku nýrrar gjaldskrár telur PFS að forsendur hafi skapast fyrir Íslandspóst til að skila jákvæðri afkomu innan einkaréttar á samningstímanum að öðru óbreyttu. Ljóst er að framangreind hækkun ein og sér dugar ekki til að brúa [...] millj. kr. kostnaðarauka vegna nýrra kjarasamninga innan einkaréttar á árinu 2011. Sé hins vegar litið til áraanna 2012 og 2013 þá er áætlað að afkoma félagsins innan einkaréttar verði jákvæð, þrátt fyrir að gert sé ráð fyrir að hækkun launakostnaðar um [...] % á árinu 2012 og um [...] % á árinu 2013 miðað við launakostnað ársins 2010.

Í eftirfarandi töflu nr. 1 er áætluð afkoma Íslandspósts þar sem tekið hefur verið tillit til hækkunar gjaldskrár og kostnaðarauka vegna kjarasamninga, en Íslandspóstur gerir auk þess ráð fyrir að mæta auknum kostnaði í starfsmannahaldi sínu að hluta til með hagræðingu í rekstri, sem óvissa ríkir um á þessu stigi.

Tafla 1 – Áætluð afkoma á árunum 2011- 2013 (fjárhæðir í millj. kr.)<sup>1</sup>

	2011	%	2012	%	2013	%
Rekstrartekjur	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Rekstrargjöld	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
EBITDA hagnaður	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Afskriftir og fjárbinding	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]
Hagnaður (tap)	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]	[...]

PFS vekur athygli á að í áætlun Íslandspósts er gert ráð fyrir hagræði af innleiðingu XY-dreifikerfis í bréfaútburði í samræmi við heimild félagsins samkvæmt ákvörðun PFS nr. 36/2010. Með úrskurði úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála nr. 10/2010, frá 13. apríl 2011, var ákvörðun PFS nr. 36/2010 felld úr gildi þar sem ekki lægi fyrir af hálfu PFS mat á hinu kostnaðarlega hagræði Íslandspósts. PFS hefur nú birt nýja ákvörðun nr. 16/2011, sbr. erindi Íslandspósts, dags. 3. maí 2011, þar sem sannreynt er hið kostnaðarlega hagræði Íslandspósts af XY-dreifikerfi í bréfaútburði. Samkvæmt áætlun Íslandspósts er gert ráð fyrir að hið nýja dreifikerfi spari innan einkaréttar um [...] milljónir á árinu 2011 og [...] milljónir á ársgrundvelli þegar það er komið að fullu til framkvæmda. Því er ljóst að án innleiðingar XY-dreifikerfisins yrði að hækka gjaldskrá innan einkaréttar meira en ella. Ákvörðun PFS nr. 16/2011 hefur verið kærð til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála og því óvissa um hvort framangreind hagræðing Íslandspósts í dreifikerfi sínu nær fram að ganga.

<sup>1</sup> Samantekt úr áætlun Íslandspósts vegna ársins 2011, auk þess sem PFS hefur tekið tillit til hækkunar á launakostnaði vegna kjarasamninga og hækkana á gjaldskrá í samræmi við ákvarðanir PFS þess efnis á árinu.


## Samanburður við norðurlönd

Samkvæmt 4. mgr. 16. gr. laga um pósthjónustu eiga gjöld fyrir alþjónustu að vera almenningi viðráðanleg og tryggja aðgang hans að þjónustunni.

Ef litið er á gjaldskrá Íslandspósts og hún borin saman við sambærilegar gjaldskrár á norðurlöndunum kemur í ljós að Íslandspóstur er með ódýrustu þjónustuna miðað við hækkun í allt að 97 kr., hvort sem horft er á samanburð fyrir gjaldskrá vegna A-pósts eða B-pósts, en á Íslandi er eingöngu A-póstur í dag í boði fyrir hinn almenna notanda. (Sjá eftirfarandi mynd 1).

Í samanburðinum miðar PFS við ódýrasta þyngdarflokk sem neytendum stendur til boða, en um getur verið að ræða 0-20 gr. eða 0-50 gr. í einstökum löndum. Einnig er horft til þess að um 90% af einkaréttarpósti á Íslandi var undir 20 gr. áður en 0-20 gr. og 21-50 gr. þyngdarflokkarnir voru sameinaðir í einn 0-50 gr. flokk þann 1. mars 2010.

Mynd 1 - Norrænn verðsamanburður<sup>2</sup>




Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun.

Hafa þarf í huga í þessum samanburði að gengi íslensku krónunnar er um þessar mundir nálægt sögulegu lágmarki. Þegar ofangreindar gjaldskrár hafa verið umreiknaðar m.t.t. jafnvirðisgildis<sup>3</sup> hvers lands fyrir sig kemur í ljós að verðlagning á einkaréttarpósti Íslandspósts m.v. heimilað hámarksverð sú næst lægsta miðað við það sem gerist á hinum norðurlöndunum, en hlutfallslega er mun minni munur í þessum samanburði á milli Íslands og annarra norðurlanda en samkvæmt beinum verðsamanburði hér að ofan. (Sjá eftirfarandi mynd 2).

<sup>2</sup> Miðað er við meðaltal miðgengis viðkomandi gjaldmiðla á 2. ársfjórðungi ársins 2011 skv. Seðlabanka Íslands.

<sup>3</sup> Jafnvirðisgildi (PPP: Purchasing Power Parity) er umreikningstala fyrir mismunandi gjaldmiðla notuð í stað gengis. Jafnvirðisgildi sýnir hve mikið þarf til að kaupa sama magn vöru og þjónustu í einstökum löndum.

Mynd 2 - Norrænn verðsamanburður í US\$ m.v. jafnvirðisgildi (PPP)<sup>4</sup>



Heimild: Póst- og fjarskiptastofnun/Teligen.

## 5

### Samandregin niðurstaða

Íslandspóstur hefur með erindi, dags. 8. júní sl., óskað eftir samþykki PFS á hækkun á einkaréttarpósti um 11,1% eins og áður segir vegna nýrra kjarasamninga.

Það er mat PFS að tilgreindar forsendur Íslandspósts fyrir verðhækkun séu ekki að öllu leyti fyrir hendi til að stofnunin geti samþykkt hækkunarbeiðni félagsins óbreytta. Hækkunarbeiðni Íslandspósts felur í sér tekjuaukningu umfram kostnaðarauka innan einkaréttar vegna kjarasamninga á gildistíma þeirra, auk þess að ekki er tekið tillit til þess að gert er ráð fyrir að Íslandspóstur leiti leiða til að hagræða í rekstri sínum.

PFS telur að á þessu stigi standi efni til þess að samþykkja allt að 7,8% hækkun gjaldskrár einkaréttarpósts til að mæta kostnaðarauka vegna nýrra kjarasamninga.

Að mati PFS eru gjöld innan einkaréttar sem tekin eru fyrir pósthjónustu innan viðráðanlegra marka hér á landi ef litið er til kaupmáttar og samanburðar á sambærilegum gjaldskráum á hinum norðurlöndunum, sbr. áskilnað 16. gr. laga um pósthjónustu að gjöld fyrir alþjónustu skulu vera almenningi viðráðanleg.

PFS vinnur að yfirferð erinda Íslandspósts um breytta uppbyggingu gjaldskrár innan einkaréttar, afsláttarfyrirkomulags í magnpósti, ásamt tilheyrandi skilmálabreytingum. Fyrsta hluta þeirrar yfirferðar lauk með ákvörðun PFS nr. 16/2011, um kostnaðarlegt hagræði af innleiðingu XY-dreifikerfisins. Stofnunin væntir þess að þeim málum sem enn er ólokið muni ljúka á næstunni.

PFS byggir á framlögðum gögnum Íslandspósts og öðrum upplýsingum sem fyrirtækið hefur lagt fram sem rökstuðning fyrir hækkun gjaldskrár innan einkaréttar, s.s. reikningskil, sundurliðanir á einstaka tekju- og kostnaðarþætti og endurskoðaðri áætlun ársins 2011.

<sup>4</sup> Miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla í nóvember 2010.



Athugun PFS samanstendur af fyrirspurnum til starfsmanna Íslandspósts og yfirferð á gögnum og upplýsingum frá fyrirtækinu.

Með vísan til bréfa PFS um úttekt á bókhaldi Íslandspósts er hækkun gjaldskrár innan einkaréttar samþykkt með ofangreindum breytingum, með þeim fyrirvara að sú úttekt sem nú er unnið að af hálfu stofnunarinnar á bókhaldslegri og fjárhagslegri aðgreiningu Íslandspósts, kostnaðargreiningu vegna einkaréttar og kostnaði fyrirtækisins vegna alþjónustu, leiði ekki í ljós að forsendur fyrir gjaldskrá fyrirtækisins vegna póstpjónustu innan einkaréttar séu aðrar en nú er gengið út frá.

Með vísun til alls framangreinds, sbr. 6. mgr. 16. gr. laga um póstpjónustu nr. 19/2002, telur PFS forsendur fyrir hækkun á gjaldskrá innan einkaréttar og samþykkir að gjaldskrá innan einkaréttar fari úr 90 kr. í allt að 97 kr., eða sem samsvarar 7,8% hækkun.

Miðað við að Íslandspóstur nýti sér heimild sína að fullu þá er tekjuauki fyrirtækisins áætlaður um [...] millj. kr. á árinu 2011 eða um [...] millj. kr. á ársgrundvelli að öðru óbreyttu. Í erindi Íslandspósts er þess getið að fyrirtækið hyggst hagræða í rekstri til að mæta hækkunarþörf vegna kjarasamninga. Hugsanlega kann því að verða til svigrúm fyrir Íslandspóst að mæta ekki kostnaðarhækkunum að fullu með hækkun gjaldskrár vegna kjarasamninga.

#### *Ákvörðunarorð*

**Með vísun til 6. mgr. 16. gr. laga um póstpjónustu nr. 19/2002, samþykkir Póst- og fjarskiptastofnun á grundvelli erindis frá Íslandspósti hf., dags. 8. júní 2011, að gjaldskrá fyrir bréf innan einkaréttar skuli vera allt að 97 kr. fyrir þyngdarflokkinn 0-50 gr.**

**Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, samkvæmt 6. gr. reglugerðar nr. 39/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta og póstmála.**

Reykjavík, 16. september 2011.

---

Hrafnkell V. Gíslason, forstjóri

---

Óskar Þórðarson